

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 2015

Haldinn dagana 23.-25. október á Hótel Selfossi.

FUNDARGERÐ

DAGSKRÁ:

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER

15:30 Skráning hefst

16:15 Fundur settur. Starfsmenn fundarins kosnir og kjörbréf samþykkt. Skýrsla stjórnar

16:40 Opnunarhátíð

17:00 Ræða formanns

17:30 Lagabreytingar, fyrri umræða

19:00 Kvöldmatur

20:00 Almennar stjórn málaumræður

22:30 Fundi frestað til morguns

Frestur til að tilkynna framboð til formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara og stjórnar rennur út

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER

9:00 Málefnaþópar kynna framtíðarstefnumótun

10:00 Erindi og umræður

11:30 Hádegismatur

12:30 Lagabreytingar, síðari umræða

13:00 Afgreiðsla lagabreytinga

13:30 Kynning á frambjóðendum í stjórn, kosning fer fram að lokinni kynningu

15:00 Kaffihlé

15:30 Málefnaþópar taka til starfa, síðustu forvöð að hafa áhrif á innihald

17:00 Niðurstaða málefnaþópa um framtíðarstefnumótun og afgreiðsla

18:30 Fundi frestað til morguns

Frestur til að tilkynna framboð til flokksráðs rennur út

19:30 Landsfundargleði

SUNNUDAGUR 25. OKTÓBER

9:00 Kosning flokksráðs

10:00 Erindi

11:00 Norrænir gestir

12:00 Hádegismatur

13:00 Afgreiðsla annarra ályktana

14:30 Fundi slitið.

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER

16:35 Fundur settur

Katrín Jakobsdóttir formaður VG setti fundinn. Hún lagði fram tillögu stjórnar um fundarstjóra: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Ragnar Auðun Árnason, Ragnar Óskarsson og Rósa Björk Brynjólfssdóttir.
Samþykkt samhljóða.

Fundarstjórar tóku við stjórn fundarins.

Ragnar Óskarsson bar fram tillögu að eftirtöldum sem riturum landsfundar: Elín Oddný Sigurðardóttir, Hrafnkell Lárusson, Sigurbjörg Gísladóttir og Snæfríður Sól Thomasdóttir.
Samþykkt samhljóða.

Ragnar Óskarsson, kynnti tillögu að fundarsköpum landsfundar.
Samþykkt samhljóða.

Álfheiður Ingadóttir kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.
Samþykkt samhljóða.

Ragnar Óskarsson lagði fram tillögu um skipan ritstjórnar: Edward Huijbens, Einar Ólafsson, Gísli Garðarsson og Svandís Svavarsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Björn Valur Gíslason varaformaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir starf hennar frá síðasta landsfundi árið 2013.

Hildur Traustadóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum flokksins fyrir árið 2014. Þeir eru lagðir fram til kynningar en ekki afgreiðslu.

16:55 Opnunarhátíð

17:10 Ræða formanns

Áður en ræða Katrínar Jakobsdóttir formanns hófst kynnti hún nýtt merki hreyfingarinnar. Síðan bað hún fundarmenn að rísa úr sætum og minnst Guðbjarts Hannessonar þingmanns Samfylkingarinnar sem lést í gær. Að lokinni ræðu Katrínar kynnti hún málefna- og samræðuvettvanginn *Betri VG*.

Ragnar Óskarsson tilkynnti að frestur til að skila inn framboðum til stjórnar og frestur til að skila inn breytingartillögum við lagabreytingar sé til kl. 22:30. Kjörstjórn skipa: Sjöfn Ingólfssdóttir, Sigurður Ingi Andrússon, Ragnar Elbergsson, Líf Magneudóttir og Stefán Elí Gunnarsson.

17:45 Lagabreytingar, fyrri umræða

Lagabreytingarnefnd skipa: Drífa Snædal, Guðrún Hallgrímsdóttir, Leifur Valentín Gunnarsson, Sigurður Magnússon og Védís Huldudóttir.

Drífa Snædal kynnti fyrirleggjandi lagabreytingartillögur:

- Tillaga 1: Breyting á 3. gr. Flutningsmenn: Gísli Garðarsson, Daníel Arnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Stefán Elí Gunnarsson.
- Tillaga 2: Breyting á 6. og 11. gr. Flutningsmaður: Þorvaldur Örn Árnason.
- Tillaga 3: Breyting á 8. gr. Flutningsmaður: Þorvaldur Örn Árnason.
- Tillaga 4: Breyting á 21., 25., 26., 27. og 28. gr. Flutningsmenn: Una Hildardóttir, Gísli Garðarsson, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Líf Magneudóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sóley Björk Stefánsdóttir.
- Tillaga 5: Breyting á 25. gr. Flutningsmaður: Þorvaldur Örn Árnason.
- Tillaga 6: Breyting á 29. og 30. gr. Flutningsmenn: Gísli Garðarsson, Una Hildardóttir, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Líf Magneudóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson, Sóley Björk Stefánsdóttir og Þorvaldur Örn Árnason.
- Tillaga 7: Breyting á 31. gr. Flutningsmaður: Þorvaldur Örn Árnason.
- Tillaga 8: Breyting á 33. gr. Flutningsmenn: Gísli Garðarsson, Una Hildardóttir, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Líf Magneudóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sóley Björk Stefánsdóttir.
- Tillaga 9: Breyting á 33. gr. Flutningsmenn: Gísli Garðarsson, Una Hildardóttir, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Líf Magneudóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sóley Björk Stefánsdóttir.
- Tillaga 10: Breyting á 33. gr. Flutningsmenn: Líf Magneudóttir, Gísli Garðarsson, Una Hildardóttir, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sóley Björk Stefánsdóttir.
- Tillaga 11: Breyting á 34. gr. Flutningsmenn: Gísli Garðarsson, Una Hildardóttir, Bjarni Þóroddsson, Daníel Arnarsson, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Líf Magneudóttir, Stefán Elí Gunnarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sóley Björk Stefánsdóttir.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir opnaði á umræður um lagabreytingar. Ræðutími 2 mínútur í fyrstu umferð og 1 mínúta sé tekið til máls öðru sinni:

- Úlfar Sveinsson, tók til máls um framkomnar lagabreytingatillögur og óskaði eftir útskýringum flutningsmanna við ýmsar þeirra.
- Hrafnkell Láruson, tekur undir tillöguna um að almennir félagsmenn geti krafist aukalandsfundar. Lýsir áhyggjum af stöðu svæðisfélaga m.t.t. framkominna lagabreytinga. Mikilvægt að tryggja sanngjarna skiptingu eftir landshlutum.

- Þorvaldur Örn Árnason, gerir grein fyrir þeim tillögum sem hann hefur lagt fram. Þetta gerir hann til að fá líf í hálfsofandi hreyfingu. Hann vill aukið vald til almennra félaga. Óskar eftir að í boði verði að taka þátt í fundum í gegnum fjarfundarbúnað.
- Daniel Haukur Arnarson, vill opna starfið fyrir öllum félagsmönnum. Hann bendir á þá staðreynd að augljóslega halli á konur í samfélaginu.
- Ólafur Kjartansson, setur varnagla á að opna flokksráð fyrir öllum félögum. Vill standa vörð um flokksráð í núverandi mynd. Einnig vill hann halda óbreyttu vægi svæðisfélaga í lögum.
- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, vill efla svæðisfélög. Vill ekki aðra umræðu um lágmarksárgjald. Vill fá fulltrúa UVG í stjórn. Sér ekki annmarka á núverandi skipulagi flokksráðs. Tillögurnar krefjast frekari umræðu.
- Hrafnkell Lárusson, er hlynntur því að UVG fái áheyrnarfulltrúa í stjórn. Vill að áfram verði kosið í æðstu embætti hreyfingarinnar. Er á móti tillögu um slembival í stjórnarkjöri. Leggur til að tillögur 4, 6 og 10 verði felldar.
- Auður Alfifa Ketilsdóttir, stendur með núverandi skipulagi svæðisfélaga og flokksráðs. Kerfisbreytingar ekki lausn á núverandi óvinsældum. Verum skemmtilegri. Hún lítur á flokksráð sem tengingu milli almennra flokksfélaga og kjörinna fulltrúa.
- Ingibjörg Þórðardóttir, stendur með svæðisfélögunum. Mikilvægt að svæðisfélög tilnefni fulltrúa á landsfund. Heldur félaginu saman og virkjar það í kringum landsfund. Gegn lágmarksárgjaldi. Hvaða rök eru fyrir því að breyta flokksráði? Vill kjósa í æðstu embætti hreyfingarinnar.
- Líf Magneudóttir, talar fyrir auknum lýðræðisbreytingum. Ef við ætlum að auka vægi almennra félaga og virkja þá enn frekar til þátttöku. Hún lýsir yfir stuðningi við flestar tillögur.
- Steingrímur J. Sigfússon, varar við grundvallarbreytingum á lögum hreyfingarinnar. Slíkt krefst mikillar umræðu. Stendur með vægi svæðisfélaga og flokksráðs í núverandi mynd. Hvað með allsherjarkosningu um formann og varaformann meðal allra félagsmanna?
- Steinunn Rögnvaldsdóttir, finnst tillagan um slembival óljós.
- Kolbeinn Óttarson Proppé, telur þetta grundvallarbreytingu á lögunum án þess að markmiðin séu skýr. Hann kallar eftir rökum. Vill umræðu.
- Gísli Garðarsson, telur mikilvægt að í lögum hreyfingarinnar sé ekki ákvæði sem notað er til að láta konur víkja af framboðslistum eða öðrum embættum fyrir körlum. Einnig talar hann fyrir að opna starfið fyrir öllum félögum og telur eðlilegt að afþakka styrki frá fyrirtækjum.
- Sóley Björk Stefánsdóttir, telur mikilvægt að opna starfið frekar fyrir almennum félagsmönnum.
- Einar Bergmundur, bendir á lög um starfsemi frjálsra félagasamtaka.
- Úlfar Sveinsson, lýsir sig andsnúinn framkomnum lagabreytingatillögum.
- Ragnar Auðun Árnason, telur mikilvægt að breyta 3. gr. Er andsnúinn hugmyndum um lágmarksárgjald. Mikilvægt að UVG hafi áheyrnarfulltrúa í stjórn.
- Þorvaldur Örn Árnason, vill ekki gangast við því að hann sé að vinna gegn svæðisfélögum. Telur kosningu í flokksráð erfiða samkv. núverandi lögum.
- Ragnar Frank, telur breytingarnar lagðar fram af góðum ásetningi. Vill meiri umræðu og lýsir sig andsnúinn meiriháttar breytingum á lögum.

- Björn Reynir Halldórsson, bendir á að lagt hafi verið til á síðasta landsfundi að hafa áheyrnarfulltrúa UVG í stjórn en sú tillaga hafi týnst.
- Líf Magneudóttir, segir tillögurnar beinast að mikilvægum lýðræðisumbótum. Ekki sé verið að leggja til að svæðisfélög verði lögð niður. Vill auka aðkomu og vægi hins almenna félagsmanns.
- Svandís Svavarsdóttir, telur mikilvægt að ræða hlutverk flokksráðs og hverskonar vettvangur það sé. Mikilvægt að ræða mál á þeim vettvangi. Flokksráðsfundir séu opnir öllum félögum, atkvæðisrétt hafi þó aðeins þeir sem hafa til þess umboð frá sínum félögum.
- Sóley Björk Stefánsdóttir, telur mikilvægt að opna stjórnarfundum. Þekkir góð fordæmi um slíkt í frjálsum félagasamtökum. Vill opna á öll gögn. Kallar eftir að fólk sýni virðingu í samskiptum.
- Gísli Garðarsson, ræðir aftur um mikilvægi að breyta þriðju grein. Ef við viljum meiri umræðu um lagabreytingar, leggjum þær þá fram fyrir til að skapa meira svigrúm.
- Andrés Rúnar Ingason, ungliðar lögðu til á sínum tíma að landsfundur myndi kjósa 30 og síðan 40 fulltrúa í flokksráð. Mikilvægt að gæta jafnræðis milli landshluta. Margt gott og góður andi í tillögunum, sem þarfnast frekari umræðna og útfærslna.
- Katrín Jakobsdóttir, segir að það sé nú þegar í lögum að UVG eigi fulltrúa í stjórn. Margar stórar tillögur með það að markmiði að auka virkni. Lýðræðisvettvangurinn á að hvetja fleiri til að taka þátt í starfinu. Allir ættu að geta skráð sig á landsfund. Í VGR geta allir skráð sig á landsfund. Margar tillögur óræddar og þarfnast frekari skoðunar. Þyrfti að ræða frekar um lagabreytingatillögur.
- Eyrún Eypórsdóttir, styður tillögur 1 og 6. Gott að auka lýðræði, efla pólitíkina. Menn vilja ógjarnan gefa eftir völd sín í pólitíkinni. Opna stjórnarfundina.
- Ríkharð Brynjólfsson, segir mikinn metnað í lagabreytingatillögum. Væri betra í formi nýrra heilsteyptra laga. Félagaskráin verður mjög mikilvæg ef svæðisfélögin verða lögð niður.
- Björn Valur Gíslason, þakkar tillögur um lagabreytingar, þær sýna áhuga á starfi VG. Tekur undir áhyggjur af því ef svæðisfélög og flokksráð yrði lagt niður. Er andsnúinn tillögu 11, þ.e. því að taka ekki við styrkjum frá fyrirtækjum. Gott að sjá hver styrkir hvern. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja að styrkja stjórnsmálaflokka.

Fundarhlé kl. 19:07.

20:05 Almennar stjórnsmálaumræður

Ragnar Auðun Árnason opnar mælendaskrá fyrir almennar umræður. Ræðutími er 3 mínútur og 2 mínútur sé tekið til máls öðru sinni:

- Lárus Hannesson ræðir byggðarmál og mikilvægi þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna.
- Kolbeinn Óttarsson Proppé lítur björtum augum til framtíðar.
- Hrafnkell Lárusson telur mikilvægt að allir sem fylgja okkur að málum sjái sér fært að að starfa með okkur. Verðum að huga að því að við höfum víða skírskotun, bæði varðandi stefnu og kjörna fulltrúa.
- Daniel Haukur Árnason, þakkar þann stuðning sem honum hefur verið sýndur með því að fjölmargir hafi skorað á hann til að bjóða sig fram til varaformanns VG. Þurfum að bæta

umræðuhefðina innan okkar hreyfingar. Daníel tilkynnir að hann muni ekki sækjast eftir varaformannsembætti í VG. Hann gefur hinsvegar kost á sér í stjórn og hlakkar til góðs og gjöfult samstarfs.

- Benóný Harðarson, ræðir málefni Helguvíkur. Hann talaði fyrir að félagar myndu kynna sér tillögu hans um opinbert húsnæðisfélag.
- Bjarkey Gunnarsdóttir, ræðir erfiðleikana sem hreyfingin gekk í gegnum á síðasta kjörtímabili. Hvetur féлага til dáða og hlakkar til verkefnanna framundan.
- Sveinn Rúnar Hauksson, lýsir yfir vonbrigðum með þá niðurstöðu meirihluta borgarstjórnar að draga tillögu um að sniðganga vörur frá Ísrael til baka. Hann telur margt gott koma fram í tillögum að lagabreytingum. Einnig lýsir hann yfir stuðningi sínum við framkomna ályktun um að sniðganga vörur frá Ísrael. Mikilvægt að styðja málstað frjálsrar Palestínu.
- Guðrún Jónsdóttir, gerir athugasemdir við framkomin drög að stefnu hreyfingarinnar. Boðar breytingartillögur á þeim.
- Steingrímur J. Sigfússon, ræddi um núverandi ríkisstjórn og hvernig hún er að endurvekja stjórnsmál fyrir-hruns-áranna. Mikilvægi VG aldrei meira en nú. Verðum að leiða félagshyggjuöfl til valda á ný. Katrín á að verða næsti forsætisráðherra.
- Sesselja Traustadóttir, þakkar Reykjavíkurborg fyrir að samþykkja hjólreiðaáætlun. Vill að ríkisvaldið geri slíkt hið sama.
- Ragnar Stefánsson, segir að baráttan um vitundina skipti mestu máli, ekki hvort við fáum fleiri eða færri þingmenn. VG verður að halda sínu striki. Mistök að berjast ekki gegn umsókninni um Evrópusambandsaðild.
- Auður Alfífa Ketilsdóttir, varar við frumvarpi um staðgöngumæðrun og þakkar þingflokki VG fyrir einarða afstöðu gegn því. Ræddi um strætó og mikilvægi þess að bæta leiðakerfi Strætó.
- Ólafur Kjartansson, ræddi um kjarnorkusamninginn við Íran. Ræddi einnig um náttúruverndarlög og hvernig eign og athafnafrelsi eru sett ofar náttúruvernd og um eignarréttarákvæði í stjórnarskrá.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir, telur að þingflokkur VG hafi staðið sig vel þrátt fyrir að vera fámennur. Talar um rammaáætlun. VG á gæta jöfnuðar, bendir á ójöfnuð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.
- Björn Reynir Halldórsson, þakkar Daníel Hauk fyrir störf hans. Lýsti yfir stuðningi við kosningabandalag með núverandi stjórnarandstöðuflokkum. Lagði til að Útlendingastofnun verði lögð niður.
- Guðný Hildur Magnúsdóttir, ræddi um lagabreytingatillögur og skort á þátttöku í félagastarfi. Þarf að hugsa upp nýjar leiðir til að auka þátttöku. Hrósar *Betra VG*. Erfitt aðgengi landsbyggðarfólks að starfi flokksráðs.
- Bjarni Jónsson, rifjar upp grunnstöðir starfs VG í upphafi. Ræddi um heilbrigðismál og sagði sorglega sögu af tregðu í heilbrigðiskerfinu. Ræddi um banka og framgöngu þeirra og jafnrétti óháð búsetu.
- Líf Magneudóttir, ræddi um slembival. Allir vilja hafa áhrif. VG á að vera vettvangur fyrir allan almenning. Kosningar leiði ákveðna hópa til valda.

- Þorvaldur Örn Árnason, vill að allir geti talað jafn skýrt og Katrín Jakobsdóttir formaður. Verðum að setja okkur takmörk og vera virk. Ekki ætla öðrum að gera hlutina. Ræddi um lýðræðishópinn og starf hans.
- Auður Lilja Erlingsdóttir, hvetur fólk að skrá sig í félag hernaðarandstæðinga. Þakkar Guðrúnu Jónsdóttur fyrir framlag hennar til kvennabaráttunnar. Ræddi um samfélagsbyltingar og um að kynferðisbrot sé samfélagslegt mein.
- Stefán Pálsson, ræddi um húsnæðismál VG, útskýrði að mögulegt væri að eignast húsnæði á sama hátt og Samtök hernaðarandstæðinga eignuðust húsnæði á fáeinum árum.
- Elín Oddný Sigurðardóttir, sækist eftir stuðningi við framboð til ritara. Sagði frá reynslu sinni af félagsþjónustu Reykjavíkur.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir, sagði frá reynslu af sjálfboðaliðastarfi í Palestínu. Mismunur, ógnunum og ofbeldi gagnvart íbúum. Þeir skilji ekki hvers vegna alþjóðasamfélagið bregst ekki við. Ræddi líka sniðgöngutillöguna í borgarstjórn.
- Einar Bergmundur, talaði um lýðræði varðandi framboðsmál í VG. Efla þarf lýðræðið í hreyfingunni og samfélaginu öllu. Nýi vefurinn góð tilraun til að efla umræðu og lýðræðið. Kenna þarf fólki að nota þessi nýju tól.
- Drífa Snædal, ræddi kjaramál og málefni Íbúðarlánasjóðs. Sjóðurinn tæki stjórnvalda til að hafa áhrif á húsnæðismarkaðinn. Ræddi deiliahagkerfi. Gera verður greinarmun á því að deilt sé í hagnaðarskyni eða ekki. Hvetur fundinn til að koma ungu fólki til áhrifa.
- Sóley Björk Stefánsdóttir, sagði vonbrigði að Daníel skuli ekki gefa kost á sér til varaformanns. Mikilvægt að breyta hugarfari varðandi framboðsmál í hreyfingunni. Byður sig fram til varaformanns í VG.
- Ragnar Frank, ræddi sveitarstjórnarmál. Um deilur um skólamál í Borgarbyggð og fleiri sveitarfélögum. Vitlaust gefið í tekjuskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Jöfnuður næst ef tekst að skipta kostnaði 50:50 milli ríkis og sveitarfélaga.
- Silja Snædal, talar fyrir UVG og segir frá starfi þeirra. Kallar eftir framlögum til UVG og minnir á bókamerkjásölu. Ungir Sjálfstæðismenn náðu í dag í gegn tillögu um að bæta verkferli í kynferðisbrotamálum. VG þarf að bæta sig og sýna meiri stuðning við þolendur kynferðisbrota.
- Sara Mansour, ræddi geðheilsu barna og ungmenna og um lagabreytingatillögur UVG. 18.000 íslensk börn eiga við geðsjúkdóma að stríða. Skortur á starfsfólki til að sinna þessum málum hjá heilbrigðisstofnunum og í skólakerfi. Aðgerðaráætlun og aukið fjármagn nauðsynlegt. Óskar eftir stuðningi VG við málið.
- Andrés Rúnar Ingason, ræddi um samfélagslaun. Vill að það mál verði tekið til umræðu. Vill líka ræða slembival í VG. Ræddi hernaðarbröltið í heiminum. VG á alltaf að taka afstöðu gegn styrjöldum.
- Una Hildardóttir, býður sig fram í embætti gjaldkera í stjórn VG. Vill að ungt fólk komist til áhrifa. Mikið af frábærum ungliðum í hreyfingunni. Hún getur og vill taka að sér störf í VG.
- Eyrún Eypórsdóttir, ræddi hatursglæp í Svíþjóð, vaxandi rasismi, nasismi og hægri öfgastefnur í nágrannalöndunum. VG á að láta sig málefni lögreglunnar varða. Efla þarf menntun lögreglumanna. Óskar stuðnings VG við tillögu um það.
- Hrafnkell Lárusson, bauð sig fram til stjórnar. Sagði frá sjálfum sér og reynslu sinni úr starfi VG.

- Þuríður Bachman, hrósaði Katrínu Jakobsdóttur fyrir ræðuna hennar og þakkar henni fyrir. Lýsir því hversu mikilvægt það er að standa vörð um gildi flokksins. Segir að Ísland megi ekki láta kapitalismann ráða förlinni og segir að við höfum ekkert lært af bankahruninu.
- Sveinn Rúnar Hauksson, ræðir um hernám Palestínu og síónisma í Ísrael. Bendir á sniðgöngu á ísraelskum vörum sem virkustu leiðina til að hafa áhrif. Krefur borgarfulltrúa VG um að leggja fram tillögu um það.
- Rósa Björk Brynjólfssdóttir, ræðir um umhverfismál. Þau séu mál nútíðar og framtíðar. Algert stefnu- og upplýsingaleysi íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum. Hrósar Svandísi Svavars og Lilju Rafney fyrir sín störf. VG verður að halda áfram ötulli baráttu fyrir umhverfinu.
- Björn Reynir Halldórsson, talaði um geðheilbrigðismál og vill að geðheilbrigðisþjónusta sé ókeypis. Ræddi líka um grunnborgaralaun og að stefnt verði á að taka þau upp á Íslandi.
- Cecil Haraldsson, ræddi um traust og trúnað. Mikilvægi þess að hugur fylgi máli í okkar stefnu og að við stöndum í lappirnar. Gagnrýndi borgarstjórn fyrir afturköllun sniðgönguályktunar. Lýsti framboði til flokksráðs.
- Björn Valur Gíslason, segir sífellt haldið fram að VG sé hallærislegur afturhaldsflokkur. Fyrir því séu engin rök. Róttækur flokkur sem setji ný mál á dagskrá. Rekur dæmi um það. Umræðum lokið.

Ragnar Óskarsson kynnti vinnulag vegna stefnu- og ályktanadraga á morgun. Rósa Björk Brynjólfssdóttir frestar fundi til fyrramáls. Fundi frestað kl. 22.30.

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER

Ragnar Óskarsson fundarstjóri setti fund kl. 9:00.

9:05 Málefnaþing kynna framtíðarstefnumótun

- Líf Magneudóttir, kynnti starf Lýðræðis- og mannréttindahópsins, markmið hópsins, nálgun á verkefnið og helstu niðurstöður.
- Auður Lilja Erlingsdóttir og Gísli Garðarsson, kynntu starf alþjóða- og friðarmálahóps. Þau fóru yfir niðurstöður hópsins.
- Herdís Schopka, fór yfir starf hóps um umhverfis- og loftslagsmál, nálgun og helstu niðurstöður.
- Álfheiður Ingadóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir, kynntu starf velferðar- og heilbrigðishóps og helstu niðurstöður.
- Eyrún Eypórsdóttir og Finnur Dellsén, kynntu starf hóps um atvinnu-, byggða- og efnahagsmál og landbúnað, helstu niðurstöður og framsetningu.
- Ingimar Karl Helgason, kynnti starf mennta- og menningarmálahópsins og gerði grein fyrir niðurstöðum hópsins.

Frestur til að skila inn breytingartillögum við stefnuþing er til kl. 15.30. Breytingartillögum skal beint til hópstjóra í rafrænu formi eða skriflegu.

10:10 Erindi og umræður

Katrín Jakobsdóttir bauð erlenda gesti ráðstefnunnar velkomna og kynnir Erik Olin Wright prófessor í félagsfræði við Winconsin háskóla.

Erik Olin Wright, prófessor í félagsfræði við Wisconsin háskóla í Bandaríkjunum og fyrrum forseti bandarísku félagsfræðisamtakanna, hélt erindið *How to be a Anti Capitalist in the 21'st Century*. Útdrætti úr erindinu (á íslensku) var dreift á fundinum.

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur stýrði umræðum um erindið.

Fundarhlé kl. 11:50.

12:35 Lagabreytingar, síðari umræða

Rósa Björk Brynjólfssdóttir setti fund.

Drífa Snædal talsmaður lagabreytinganefndar kynnti lagabreytingar. Hún lagði fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Landsfundur Vinstri grænna samþykkir að næsti flokksráðsfundur skuli helgaður umræðu um skipulagsbreytingar á grunneiningum hreyfingarinnar á grundvelli þeirra lagabreytingatillagna sem lagðar hafa verið fram. Stjórn verði falið að fylgja þessari samþykkt eftir.

Tillagan felur í sér að tillögur 1, 3, 4, 9 og 11 verði teknar til atkvæðagreiðslu að hluta eða öllu leyti. Tillögur 2, 4, 5, 6, 7 og 10 fari til meðferðar flokksráðs að hluta eða öllu leyti.

Breytingartillaga flutningsmanna við tillögu nr. 1

Við val í trúnaðarstörf innan og á vegum hreyfingarinnar og í starfi hennar í hvívetna skal gætt jöfnuðar milli kynja að ekki halli á konur og aðra félagslega undirokaða hópa.

Drífa bar upp þá tillögu við fundinn að tillaga 8 gangi ekki til atkvæða þar sem fram hafi komið í umræðum að þessi breyting hafi þegar verið gerð á lögnum en handvömm valdið því að hún hafi ekki verið skráð.

Samþykkt samhljóða.

Rósa Björk opnaði fyrir almennar umræður. Ræðutími er 2 mínútur og 1 mínúta sé tekið til máls öðru sinni.

- Gísli Garðarsson, óskaði eftir afbrigðum til að gera megi breytingu á breytingartillögu við tillögu 1.
- Hjördís Hjartardóttir, kvaðst slegin yfir lagabreytinga umræðunum í gær. Finnst VG vera of stigveldisskipuð hreyfing og vill flatara skipulag og meiri valddreifingu.
- Líf Magneudóttir, tók undir með Hjördísi og lýsti sig samþykka málsmeðferðartillögu Drífu.
- Edward H. Huijbens, segist fagna þeim lagabreytingatillögum sem hér komu fram og vill vinna þær áfram. Minnti hins vegar á að aðstaða svæðisfélaga væri misjöfn.
- Björn Reynir Halldórsson, tók undir hugmyndir Lífar um slembival við val í stjórn og vill að sú tillaga fái framgang svo reynsla komist á hana fram að næstu kosningum.

- Þorvaldur Örn Arnason, tók undir með Hjördísi. Lýsti vonbrigðum með viðbrögð fundarins í gær. Hefur efasemdir um gagnsemi netumræðu. Benti á að núverandi lagaumgjörð sé ekki nógu nútímaleg. Lýsti framboði til flokksráðs.
- Kolbeinn Óttarsson Proppé, fagnaði umræðunni en benti á að ásókn á landsfund og flokksráðsfund væri ekki nógu mikil. Lýsti framboði til flokksráðs. Gerði athugasemdir við breytingartillögur við tillögu 1.
- Steingrímur J. Sigfússon, lýsti sig sammála málsmeðferðinni sem Drífa lagði til. Benti á að þetta snúist ekki bara um löginn heldur starfshætti og starf. Vill jákvæða skilgreiningu í 3. gr. og breytingu á núverandi tillögu.
- Hjördís Hjartardóttir, vill ekki bíða með breytingar. Lýsir sérstakri ánægju með tillögur um slembival.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir, ræddi um slembival. Lýsti efasemdum um framkvæmd og hvernig hún tryggi fjölbreytileika. Þar sem útfærslur vantar geti hún ekki stutt tillögur um slembival.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir, finnst umræðan sérkennileg. Vill hafa starfið sem opnast en bendir á að oft hafi verið erfitt að virkja fólk til þátttöku. Benti á kostnað við þátttöku þeirra sem koma lengst að. Lagaumgjörðin sé ekki hamlandi til að fá fólk til starfa.
- Jakob Jónsson, lýsti ánægju með nýjar tillögur. Telur að hugsa þurfi meira um nýja nálgun í stjórnmálastarfi. Rifjaði upp aðferðir Rauðsokka-hreyfingarinnar og vildi að við nýtum okkur reynslu sem vel hefur gefist.
- Bergljót Njóla, ræddi um slembivalshugmyndina og benti á að hún þurfi nánari útfærslu. Minnti á að enn er til fólk sem ekki er netvætt.
- Sóley Björk Stefánsdóttir, lýsti ánægju með málsmeðferðartillögu Drífu. Ræddi um breytingar við tillögu 1. Ræddi um slembival.
- Gísli Garðarsson, gagnrýndi að ekki þyki teljist vera nógur tími á landsfundi til að breyta lögum. Telur ekki vera neinn annan vettvang betri. Gagnrýndi tregðu til breytinga innan hreyfingarinnar.
- Kristín Sigfúsdóttir, ræddi breytingar við 3. gr. Sagði að fjölskyldan og VG séu í forgangi hjá sér. Benti á kostnað við að mæta á fund. Vill fara varlega í lagabreytingar en telur mikilvægast að leita leiða til að draga að fólk.

Umræðum lokið.

Rósa Björk minnti á að framboðsfrestur til flokksráðs renni út kl. 18.30. Skýrði hvernig skráning fer fram.

13:10 Afgreiðsla lagabreytinga

Drífa Snædal bar upp eftirfarandi tillögu:

Tillaga um afbrigði frá Gísla Garðarssyni.

1 breytingartillaga (3. grein):

Að „að ekki halli á konur“ og „og aðra félagslega undirokaða hópa“ verði borin upp sitt í hvoru lagi og síðari hlutinn sendur til meðferðar flokksráðs.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Tillaga 1 „og að ekki halli á konur“

„Við val í trúnaðarstörf innan og á vegum hreyfingarinnar og í starfi hennar í hvívetna skal gætt að ekki halli á konur.“

62 sögðu já. 15 sögðu nei. Tillagan samþykkt

Drífa bar upp málsmeðferðartillöguna sem hún kynnti í upphafi umræðu.
Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 (breyting á 8. gr.) var dregin til baka.

Tillaga 4 (þ.e. sá hluti sem er breyting á 21. gr.)

Já, sögðu 60. Nei, sögðu 48.

Tillagan felld.

Tillaga 9 (breyting á 33. gr.)

Já, sögðu 95, nei sögðu 20.

Tillagan samþykkt.

Tillaga 11 (breyting á 34. gr.)

Fyrri hluti breytingartillögu („og fjárhagsáætlunin birt opinberlega.“).

Já sögðu 49, nei sögðu 56.

Tillaga felld.

Síðari hluti breytingartillögu („*Vinstrihreyfingin – grænt framboð tekur ekki við styrkjum frá fyrirtækjum.*“)

Fellt með afgerandi meginþorrna atkvæða.

Lögin í heild sinni borin upp.

Samþykkt samhljóða.

13:30 Kynning á frambjóðendum til stjórnar og stjórnarkosning

Sjöfn Ingólfssdóttir talsmaður kjörnefndar gerði grein fyrir fyrirkomulagi kosninga til embætta og stjórnar og greindi frá hverjir hafa boðið sig fram.

Katrín Jakobsdóttir bauð sig ein fram til formanns og var sjálfkjörin.

Katrín tók til máls. Hún þakkaði fyrir endurnýjun umboðs.

Tvö framboð komu fram til varaformanns: Björn Valur Gíslason og Sóley Björk Stefánsdóttir. Þau tóku til máls og kynntu sig og sínar áherslur.

Kosið til embættis varaformanns.

156 greiddu atkvæði. Björn Valur fékk 93 atkvæði (60%), Sóley Björk 50 atkvæði (38%). 12 seðlar voru auðir (1%) og einn ógildur.

Björn Valur réttkjörinn varaformaður. Hann tók til máls.

Eitt framboð kom fram til ritara: Elín Oddný Sigurðardóttir.

Elín var sjálfkjörin. Hún tók til máls.

Tvö framboð til gjaldkera komu fram: Ólafur Þór Gunnarsson og Una Hildardóttir. Þröstur Ólafsson tók til máls fyrir hönd Ólafs (var fjarverandi). Una tók til máls.

Kosið til embættis gjaldkera.

161 greiddi atkvæði. Una fékk 103 atkvæði (64%), Ólafur Þór 55 atkvæði (34%). 3 seðlar voru auðir (2%), enginn ógildur.

Una réttkjörin gjaldkeri. Hún tók til máls.

Félagslegir endurskoðendur reikninga voru kjörnir Sigurbjörg Gísladóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson og til vara Steinar Harðarson.

Sjöfn Ingólfssdóttir skýrði frá framboðum til stjórnar og kynnti framkvæmd kosninganna.

Eftirtaldir buðu sig fram:

Álfheiður Ingadóttir, Benóný Harðarson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
Bjarni Jónsson, Björg Eva Erlendsdóttir, Daníel Arnarsson, Edward Hákon Huijbens, Einar Bergmundur Arnbjörnsson, Guðrún Þórsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Ingibjörg Þórðardóttir, Jakob S. Jónsson, Ólafur Þór Gunnarson, Ragnar Frank Kristjánsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Viðstaddir frambjóðendur (öll nema Ólafur Þór og Guðrún sem voru fjarverandi) tóku til máls og kynntu sig. Kosning hófst kl. 15:45.

Ávörp gesta:

Erik Sakariessen frá SV í Noregi og Hans Linde Vänsterpartiet í Svíþjóð tóku til máls um stjórnsmálaástandið í heimalöndum sínum.

Snædís Rán Hjartardóttir og Eydís P. Blöndal fluttu „Skilaboð til VG“.

Niðurstöður stjórnarkosninga:

Sjöfn Ingólfssdóttir, talsmaður kjörstjórnar, gerir grein fyrir niðurstöðum kosninga til stjórnar.

Eftirtaldir (7) voru kjörin aðalmenn í stjórn: Edward Hákon Huijbens, Björg Eva Erlendsdóttir, Daníel Arnarsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir og Álfheiður Ingadóttir.

Eftirtaldir (4) voru kjörnir varamenn: Hrafnkell Lárusson, Bjarni Jónsson, Benóný Harðarson og Jakob S. Jónsson.

Kosning til stjórnar

Edward H. Huijbens	118	74,2%	1
Björg Eva Erlendsdóttir	113	71,1%	2
Daníel Arnarson	103	64,8%	3
Rósa Björk Brynjólfssdóttir	101	63,5%	4
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	95	59,7%	5
Ingibjörg Þórðardóttir	91	57,2%	6
Álfheiður Ingadóttir	78	49,1%	7

Hrafnkell Lárusson	73	45,9%	8
Bjarni Jónsson	63	39,6%	9
Benóný Harðarson	57	35,8%	10
Jakob S. Jónsson	48	30,2%	11

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir fundarstjóri tilkynnti breytingar á dagskrá vegna tafa. Málefnaþópar starfa frá kl. 16:30-18:00 en þá verða niðurstöður 2-3 hópa kynntar og bornar undir atkvæði.

16:30 Málefnaþópar taka til starfa

18:05 Niðurstaða málefnaþópa um framtíðarstefnumótun og afgreiðsla. Fyrri hluti.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir fundarstjóri setti fund og tilkynnti að 2-3 stefnur yrðu afgreiddar fyrir fundarhlé.

Auður Lilja Erlingsdóttir og Gísli Garðarsson kynnti niðurstöður alþjóða- og friðarmálahóps. Litlar breytingar frá þeim drögum sem lágu fyrir fundinum.

Halldóra Lóa bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

Ingimar Karl Helgason og Sara Stefánsdóttir kynntu niðurstöður mennta- og menningarmálahóps. Þau kynntu þær breytingar sem urðu í hópastarfi.

Auður Alfífa kom með málsmeðferðartillögu. Lagði til að stefnunni yrði vísað til ritstjórnar sem legði hana fram í flokksráði.

Fundarstjóri bar upp tillöguna. Samþykkt samhljóða.

Finnur Dellsén kynnti niðurstöður atvinnu-, byggða- og efnahagsmálahóps. Litlar breytingar frá þeim drögum sem lágu fyrir fundinum.

Sóley Björk Stefánsdóttir bar fram breytingartillögu. Tillögu Sóleyjar vísað til mennta- og menningarmálahóps.

Halldóra Lóa bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

18:30 Fundi frestað til morguns.

SUNNUDAGUR 25. OKTÓBER

Fundur hófst kl. 9.10. Rósa Björk setti fund og kynnti dagskrá dagsins.

9:15 Kosning flokksráðs

Sjöfn Ingólfsdóttir talsmaður kjörstjórnar lýsir framkvæmd kosningar í flokksráð. Kosningin stendur til kl. 11:00. Kjósa á 40 manns í flokksráð. Hver kjósandi skal velja að hámarki 40 manns. Atkvæði verða talin á skrifstofu hreyfingarinnar og úrslit tilkynnt í næstu viku.

Eftirtaldir buðu sig fram til flokksráðs:

Norðausturkjördæmi: Sigurður Hlökkversson, Ragnar Stefánsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Sigmundur Sigfússon, Vilberg Helgason, Ólafur Kjartansson, Kristín Sigfúsdóttir, Gunnar S. Ólafsson, Cecil Haraldsson.

Norðvesturkjördæmi: Friðrik Aspelund, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Hildur Traustadóttir, Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir, Valdimar J. Halldórsson.

Reykjavík: Steinar Harðarson, Auður Alfífa Ketilsdóttir, Herdís Schopka, René Biasone, Sigríður Kristinsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Eyrún Eyþórsdóttir, Ingimar Karl Helgason, Drífa Snædal, Auður Lilja Erlingsdóttir, Iðunn Garðarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Sigurbjörg Gísladóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Torfi Hjartarson, Margrét Guðmundsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir.

Suðvesturkjördæmi: Sverrir Garðarsson, Ólafur Þór Gunnarson, Einar Ólafsson, Hreggviður Norðdahl, Svava Hrönn Guðmundsdóttir.

Suðarkjördæmi: Sigþrúður Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Bjarni Þórisson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Þorsteinn Ólafsson, Einar Bergmundur Arnbjörnsson, Þorvaldur Örn Árnason, Ragnar Óskarsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir.

UVG: Björn Reynir Halldórsson, Silja Snædal Pálsdóttir, Gyða Dröfn Hjartardóttir, Snæfríður Sól Thomasdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt, Ragnar Auðun Árnason, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Bjarni Þóroddsson, Gísli Garðarsson.

9:30 Niðurstaða málefnaþópa um framtíðarstefnumótun og afgreiðsla – seinni hluti.

Líf Magneudóttir kynnti niðurstöður lýðræðishóps. Kynnti breytingar sem orðið hafa frá þeim drögum sem lágu fyrir fundinum.

Borin upp tillaga um hugtakanotkun. Orðin „kjarni“ eða „kjölfesta“ (sbr. „[Kjarni/Kjölfesta] Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er þátttaka almennra félagar hennar ...“

Kjarni fékk 19 atkvæði, kjölfesta 26 atkvæði.

Rósa Björk bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða.

Álfheiður Ingadóttir kynnti niðurstöður velferðar- og heilbrigðishóps. Kynnti breytingar sem urðu í hópastarfinu í gær.

Rósa Björk bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

René Biasone kynnti niðurstöður hóps um umhverfis- og loftslagsmál. Kynnti breytingar sem urðu í hópastarfinu í gær.

Rósa Björk bar upp tillögu að afbrigðum til að taka inn tillögu Svandísar Svavarsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Rósa Björk bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

Eyrún Eyþórsdóttir kynnti niðurstöður hóps um landbúnaðarmál. Kynnti breytingar sem urðu í hópastarfinu í gær.

Rósa Björk bar upp breytingar á stefnuninni. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn fjórum.

Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

Stefán Elí Gunnarsson og Sigrún Birna Steinarsdóttir kynntu viðbætur við niðurstöður hóps um málefni ungs fólks. Sá málaflokkur var í höndum hóps um velferðar- og heilbrigðismál. Álfheiður Ingadóttir gerði grein fyrir niðurstöðum hóps um málefni ungs fólks.

Rósa Björk bar upp breytingar á stefnuninni sem Álfheiður kynnti. Samþykkt samhljóða.
Rósa Björk bar upp breytingartillögu UVG. Samþykkt samhljóða
Tillagan með áorðnum breytingum borin upp. Samþykkt samhljóða.

Rósa Björk gerði hlé á fundi til kl. 11:00.

11:00 Norrænir gestir ávarpa fundinn

Signe Munk varaformaður SF í Danmörku ávarpaði fundinn.
Cristian Juhl, þingmaður Enhedslisten í Danmörku ávarpaði fundinn.

11:15 Skilaboð til VG

Þórunn Ólafsdóttir og Kinan Kaduni sjálfboðaliðar sem starfað hafa við móttöku flóttafólks á eyjunni Lesbos á Grikklandi ávörpuðu fundinn.

11:45 Umræða um ályktanir

Ragnar Óskarsson opnaði fyrir umræður. Ræðutími er 2 mínútur, 1 mínúta ef menn taka oftar til máls.

- Svandís Svavarsdóttir kynnti störf ritstjórnar og framkomnar breytingartillögur við ályktanir.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir kom með fyrirspurn vegna ályktunar um dýravernd.
- Björn Reynir Halldórsson, styður breytingartillögu 2.1. Mælir fyrir því að Ísland hætti að beita Dyflinnarreglugerðunni. Lýsir einnig stuðningi við breytingartillögu 18.2.
- Steinar Harðarson, benti á að núgildandi útlendingalög stríði gegn mannréttindum og ýmsum alþjóðlegum sáttmálum.
- Steinar Guðmundsson, talar fyrir ályktum um að lýsa yfir stuðningi við þingmenn VG. Hann sem flutningamaður ályktunar 15 dregur hana til baka þar sem hún er orðin hluti af umhverfis- og loftslagsstefnu.
- Edward Huijbens, ræðir um breytingartillögu 2.1 um olíuvinnslu. Verðum að snúa af þessari braut. Honum lýst vel á breytingartillögu 2.2.
- Hildur Traustadóttir, talar fyrir breytingartillögu 11.1. Vill að efni beggja verði felld inn í landbúnaðarstefnuna.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir, ræðir tillögu 3, telur það slæm skilaboð af fundinum að samþykkja hana. Telur málið þurfa meiri umræðu.
- Eyrún Eypórsdóttir, gerir grein fyrir breytingartillögu 19.1. og óskar eftir stuðningi við hana.
- Gísli Garðarsson, andmælir breytingartillögum 2.1 og 2.2. Telur eðlilegt að biðjast afsökunar á því að gera mistök. Olíuvinnsla á Drekasvæðinu samræmist ekki stefnu VG og hefur aldrei gert það. Lærum af mistökum og sýnum auðmýkt.

- Þorvaldur Örn Árnason, telur mikilvægt að bæta við einu orði í breytingartillögu 11.1 – finnst vanta beitarstjórnun þarna inn.
- Líf Magneudóttir, vill sjá nýja nálgun í flugvallarmálinu. Rökræðukönnun eða aðrar aðferðir til að fá fólk til að ræða saman. Bæði Reykvíkinga og landsbyggðarfólk. Vill umræðu áður en ályktun 3 er afgreidd.
- Kolbeinn Óttarsson Proppé, ræðir ályktun 2, telur ekkert að því að biðjast afsökunar. Hinsvegar er í lagi að skipta um stefnu. Það er ekkert að því.
- Ragnar Stefánsson, telur afleitt að leggja fram ályktun 3 um að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Kynnir breytingartillögu sína við ályktun nr. 1.
- Steingrímur J. Sigfússon, lýsir stuðningi við breytingartillögu 2.1 og 2.2.
- Edward Huijbens, finnst eðlilegt að menn biðjist afsökunar. Auðmýkt og kurteisi er mikilvæg í íslenskum stjórnámálum. Styður breytingartillögur 2.1 og 2.2.
- Björn Valur Gíslason, tekur undir með Lilju Rafney um að ályktun 3 þurfi meiri umræðu enda flugvallarmálið bæði viðkvæmt og flókið. Spyr á hverju VG eigi að biðjast afsökunar eins og fram kemur í ályktun 2.
- Bjarni Þórisson, kallar eftir umræðu um flugvallarmálið. Ályktun 3 er brýnt að ræða innan VG. Ályktun 9 líka sett fram til að fá umræðu.
- Katrín Jakobsdóttir, ræðir ályktun 1. Katrín ræðir vinnu stjórnarskrárnefndar og setur í samhengi við ályktunina.

Fundarhlé kl. 12:26.

13:00 Afgreiðsla ályktana

Ragnar Óskarsson hóf fund. Bað um heimild fundarins til að fela Svandísi Svavarsdóttur og Edward Huijbens, fulltrúum ritstjórnar, að stýra afgreiðslu ályktana. Samþykkt samhljóða.

Lögð var fram tillaga um afbrigði þess efnis að ný tillaga verði lögð fyrir fundinn (Ályktun 0). Afbrigði eru samþykkt samhljóða.

Tillaga 0. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 1.1 er dregin til baka af flutningsmanni (Ragnar Stefánson).

Tillaga 1 samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 2.2. Svandís óskaði eftir samþykkt afbrigðis þar sem um er að ræða nýja tillögu. Samþykkt. Sóley Björk tók til máls um málsmeðferð. Lagði til að tillögunni verði vísað til stjórnar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 1.

Breytingartillaga 2.1. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.

Tillaga 2. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 3.

Tillaga 3. Felld með öllum greiddum atkvæðum gegn 2.

Tillaga 4. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 5. Álfheiður Ingadóttir tók til máls um málsmeðferð. Leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 20.

Tillaga 6. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 7. Samþykkt með 35 atkvæðum gegn 34.

Tillaga 8. Samþykkt með 33 atkvæðum gegn 27.

Tillaga 9. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 12.

Tillaga 10. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 11.1. Kom ekki til atkvæða.

Tillaga 11. Andrés Ingi Jónsson tók til máls um málsmeðferð. Dregur tillöguna til baka.

Tillaga 12. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 13.

Breytingartillaga 13.1. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 11.

Tillaga 13. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 14. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 13.

Tillaga 15. Flutningsmaður, Steinar Guðmundsson, hefur þegar dregið tillöguna til baka þar sem innihald hennar er komið inn í samþykktu umhverfis- og loftslagsstefnu.

Tillaga 16. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 17. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 18.1. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 18.2. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 18. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga 19.1. Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 4.

Tillaga 19. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 20. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 21. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 22. Samþykkt samhljóða.

Tillaga 23. Samþykkt samhljóða.

13:35 Fundi slitið

Ragnar Óskarsson þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Katrín Jakobsdóttir formaður tók til máls og sleit fundi kl. 13:50.

Fundargerð þessa rituðu.

Elín Oddný Sigurðardóttir, Hrafnkell Lárusson, Sigurbjörg Gísladóttir og Snæfríður

Sól Thomasdóttir.

----- Viðauki -----

MÁNUDAGUR 26. OKTÓBER

Kjörnefnd hefur lokið störfum við talningu atkvæða í kosningum til flokksráðs VG 2015-2017. Talning fór fram á skrifstofu VG að Hallveigarstöðum í Reykjavík.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

Aðalmenn í flokksráði 2015-2017

Drífa Snædal
Hildur Traustadóttir
Sjöfn Ingólfssdóttir
Auður Alfífa Ketilsdóttir
Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir
Einar Ólafsson
Kolbeinn Óttarsson Proppé
Arndís Soffía Sigurðardóttir
Cecil Haraldsson
Kristín Sigfúsdóttir
Ólafur Þór Gunnarsson
Silja Snædal Pálsdóttir
Auður Lilja Erlingsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Andrés Ingi Jónsson
Ingimar Karl Helgason
Sveinn Rúnar Hauksson
Eyrún Eypórsdóttir
René Biasone
Einar Bergmundur Arnbjörnsson
Anna Guðrún Þórhallsdóttir
Gísli Garðarsson
Ingibjörg Hjartardóttir
Steinar Harðarson
Þorvaldur Örn Árnason
Anna Sigríður Valdimarsdóttir
Sigprúður Jónsdóttir
Bjarni Þóroddsson
Þorsteinn Ólafsson
Snæfríður Sól Thomasdóttir
Bjarki Þór Grönfeldt
Sigrún Birna Steinarsdóttir
Torfi Hjartarson
Ragnar Stefánsson
Svava Hrönn Guðmundsdóttir
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Ragnar Auðun Árnason
Sigurbjörg Gísladóttir
Ragnar Óskarsson
Friðrik Aspelund

Varamenn í flokksráði 2015-2017

Herdís Schopka
Sigríður Kristinsdóttir
Iðunn Garðarsdóttir
Gyða Dröfn Hjaltadóttir
Björn Reynir Halldórsson
Sverrir Garðarsson
Sigmundur Sigfússon
Sara Stef. Hildardóttir
Bjarni Þórisson
Páll Hlöðversson